

Mánudaginn 11. nóvember 1996.

Nr. 408/1996.

Sigurður Gunnarsson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Húsfélaginu Vallarási 2

(Andri Árnason hrl.)

Kærumál. Frávísun máls frá Hæstarétti. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1996, þar sem varnaraðila er heimilað að leiða þrjú tilgreind vitni til munnlegrar skýrslugjafar fyrir dómi vegna máls, sem rekið er fyrir Hæstarétti milli aðila í máli þessu. Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði um heimild til að leiða vitnin fyrir dóm. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður kærð til Hæstaréttar synjun héraðsdóms um heimild til að afla sönnunargagna fyrir öðrum dómi. Með hinum kærða úrskurði var hins vegar fallist á heimild varnaraðila til gagnaöflunar. Samkvæmt gagnályktun frá fyrrgreindu lagaákvæði verður slíkur úrskurður ekki kærður til Hæstaréttar. Brestur því heimild til kæru sóknaraðila, og verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurður Gunnarsson, greiði varnaraðila, Húsfélaginu Vallarási 2, 30.000 krónur í kærumálskostnað.